

Mál nr. 4/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 8. nóvember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 4/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 22. febrúar 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 28. febrúar 2011 og honum gefinn andmælafrestur til 28. mars. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var send ítrekun 30. mars og veittur viðbótarfrestur til 6. apríl. Hinn 11. apríl móttók siðanefnd svarbréf kærða Y og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 24. október þar sem málsaðilar reifuðu sín sjónarmið. Ekki komu fram frekari andmæli og ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn XX í eigu kærða Y paraður við tíkina YY hinn 5. júní 2010. Hundarnir eru af kyninu gordon setter. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði Y svaraði því til að pörunin hafi ekki verið skipulögð heldur hafi hún verið „slys“. Eftir pörunina hafi verið farið með hundinn í augnskoðun við fyrsta tækifæri sem bauðst, en það var 20. nóvember 2010. Rakkinn hafði staðist augnskoðun tvisvar áður og verið paraður á grundvelli niurstaðna úr þeim skoðunum.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið gordon setter:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.2000)“.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 5. júní 2010 var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu gordon setter skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði Y hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur heldur hafi hún verið slys og að farið hafi verið með hundinn í augnskoðun strax og því var við komið. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist augnskoðun eftir. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Þá er það alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi.

IV Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur

f.h. siðanefndar

Sign: *Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*